



# LOKASKÝRSLA 2022 GLÆÐUM GRÍMSEY

Byggðapróunarverkefnið Brothættar byggðir



BYGGÐASTOFNUN



Akureyrarbær



SSNE

*Forsíðumynd: Sigurður Henningsson*  
*Ársskýrslu ritaði Arna Björg Bjarnadóttir*


## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum.....	5
Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn .....	6
Áfangar verkefnis .....	7
Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat.....	10
Yfirlit yfir styrkt verkefni .....	18
Frumkvæðissjóður Glæðum Grímsey .....	18
Verslun í strjálbýli.....	20
Aðrir sjóðir .....	20
Íbúafundir og fundir verkefnisstjórnar .....	23
Aðrir fundir, málþing og námskeið í Grímsey .....	23
Hugleiðingar verkefnisstjóra .....	24


## Inngangur

Sérstaða Grímseyjar er mikil. Eyjan er nyrsta byggð Íslands og um hana liggur heimskaupsbaugur, sem hefur mikið aðdráttarafl meðal ferðamanna. Grímsey er staðsett um 41 km norður af landi og er 5,3 km<sup>2</sup> að stærð. Eyjan er grasi gróin og þar hefur verið stundaður búskapur frá upphafi byggðar. Enn eru haldnar þar kindur, geitur og hestar. Grímsey er að mestu varin af háum björgum sem breytast í þéttskipað heimili sjófugla á varptíma, en auk þess gista eyjuna fjölmargar aðrar fuglategundir. Fyrr á tímum vorum björgin mikilvæg matarkista og enn eru tínd þar egg og fuglar veiddir.

Í Grímsey var lengst af búið á 10 jörðum, en smám saman risu fleiri hús á jörðunum og lítið þorp myndaðist ofan Sandvíkur. Íbúar voru flestir í kringum 1930 eða um 125 talsins. Þann 1. janúar 2001 voru 90 manns með heimilisfesti í Grímsey en eftir það hefur fólki fækkað flest árin, að undanskyldum árunum 2006-2008, en þá komst fjöldinn í ríflega 90 manns. Við lok verkefnisins, þann 1. janúar 2023 voru 55 íbúar skráðir í Grímsey sem er þó fjölgun um tvo frá árinu á undan.<sup>1</sup> Allmargir eiga einnig heimili í landi og sumir dvelja í eyjunni eingöngu yfir sumartímann. Grunnskólinn var aflagður árið 2019 og meðalaldur hefur farið hækkandi. Hann var 38,7 ár 2018 en í byrjun árs 2023 var hann 42,4 ár.



<sup>1</sup>[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_2\\_byggdir\\_\\_Byggdakjarnar/MAN030101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b0f92cf7-b106-460d-af71-b37fd153c7bd](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnar/MAN030101.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b0f92cf7-b106-460d-af71-b37fd153c7bd)



**Meginatvinnugrein Grímseyjar** er sjávarútvegur og greidd meðallaun útgerðanna eru há, skv. ársreikningum. Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa á umliðnum árum selt frá sér kvóta fyrir margra hluta sakir, en einnig aðeins keypt kvóta og endurnýjað skipakost. Fyrirtækin fá stuðning með úthlutun á *sértækum og almennum byggðakvóta*. Í Grímsey er fiskmarkaður. Fiskurinn er seldur beint á markað og engin vinnsla er starfrækt í eyjunni. Ferðaþjónusta hefur farið ört vaxandi síðustu ár. Á verkefnistímanum hafa ný fyrirtæki sprottið upp og vöruframboð aukist til muna. Flest verkefnanna á sviði ferðaþjónustu hafa fengið stuðning úr *Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey*.



Mikil stemning var í Grímsey er nýr bátur bættist í flotann haustið 2022. Á myndinni til hægri fylgja heimabátar hinum nýja Birni EA til hafnar í Grímsey.

Ljósmyndi til vinstri: Úr ljósmyndasafni Akureyrarbæjar. Ljósmynd til hægri: Anna María Sigvaldadóttir.

**Samgöngur til Grímeyjar** eru með ferjunni Sæfara og flugfélaginu Norlandair. Sæfari er farþega- og flutningaskip. Skipið flytur m.a. aflann í land á Dalvík. Mikil óánægja ríkir með Sæfara, enda er skipið barns síns tíma og hentar á engan hátt til farþegaflutninga. Þá hefur flugferðum verið fækkað á umliðnum árum. Nú er svo komið að á vetrum er þrisvar í viku áætlunarflug á milli Akureyrar og Grímseyjar en eingöngu tvisvar sinnum yfir sumarið. Óhætt er að fullyrða að slæmur aðbúnaður farþega í Sæfara, veikleikar í bókunarkerfi og fáar flugferðir yfir sumartímamann halda aftur af þróun ferðaþjónustu í Grímsey.

Í Grímsey er húsnæði að mestu hitað með olíukyndingu og rafmagn er framleitt með díselstöð. Á síðustu árum hafa verið gerðar tilraunir til orkuskipta s.s. með uppsetningu vindmylla og sólarsella, sem og varmadæla við íbúðarhús og perluofna innandyrar. Á fyrsta áratug 20. aldar var borað eftir heitu vatni og allt bendir til að undir eygni sé að finna allt að 100 gráðu heitt vatn. Á lokaári Glæðum Grímsey var rykinu sópað af því verkefni og í byrjun árs 2023 fékkst styrkur úr stefnumótandi byggðaáætlun til að meta kosti í hitaveituvæðingu Grímseyjar.

Grímseyjarhreppur sameinaðist sveitarfélaginu Akureyrarbæ í kosningu árið 2009. Í ljósi fólksfækkunar og atvinnuþróunar í Grímsey á fyrri hluta annars áratugar þessarar aldar sótti sveitarfélagið um aðild fyrir Grímsey að verkefninu Brothættar byggðir sem er undir stjórn Byggðastofnunar. Í framhaldi var verkefnið **Glæðum Grímsey** (GLG) sett á laggirnar árið 2015. Verkefnið hefur tvívegis verið framlengt og lauk í árslok 2022 þegar Byggðastofnun dró sig í hlé.

Frá upphafi verkefnisins hefur starfað verkefnisstjórn. Hún er nú skipuð fulltrúum frá hagaðilum sem eru íbúar, Byggðastofnun, Akureyrarbær og SSNE (Samband Sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra) áður Eyþing og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Við verkefnið hefur starfað verkefnisstjóri í 50% starfi. Þeir hafa alls verið þrír frá upphafi.

Á starfstíma Glæðum Grímsey hafa árlega verið veittir styrkir úr *Frumkvæðissjóði* sem er sjóður á vegum Brothættra byggða. Í gegnum Byggðastofnun hefur einnig komið annar stuðningur; annars vegar er um að ræða úthlutun á *sértækum byggðakvóta* og hins vegar stuðningur til verslunarreksturs, þ.e. úr sjóðnum *Verslun í strjálbýli*, úr aðgerðaáætlun stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024 og síðar úr nýrri byggðaáætlun 2022-2036. Til viðbótar hafa útgerðirnar fengið úthlutað *almennum byggðakvóta*. Þess utan hafa einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök í eygni eða aðilar sem starfrækja verkefni í eyrunni sótt í vaxandi mæli um stuðning í aðra sjóði.

Það má með sanni segja að Grímseyingar hafi tekið höndum saman á verkefnistímanum og unnið að mörgum framfaramálum í eygni. Mörg frumkvæðisverkefni hafa verið styrkt á tímabilinu úr Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey og öðrum sjóðum.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum

Verkefnið Brothættar byggðir er sértæk aðgerð Byggðastofnunar og er meginmarkmið þess að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins. Sveitarfélag þess byggðakjarna eða sveitar sem stendur höllum fæti getur sótt um aðild að verkefninu fyrir

Það svæði sem glímir við fyrrnefndan vanda. Verkefnið er ætlað viðkomandi byggðarlögum til að nýta sóknarfæri, einkum þau sem byggja á sérstöðu þeirra. Þau varnarsvæði sem taka þátt í Brothættum byggðum eiga það gjarnan sammerkt að hafa ekki getað nýtt sér önnur úrræði ríkis og sveitarfélga til stuðnings byggðapróunar- og samfélagsuppbyggingar. Með þessu samstarfi taka ríki, sveitarfélög, stoðkerfi og íbúar höndum saman um eflingu byggðalagsins.

Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættu byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett voru fram fyrir Grímsey eru afrakstur íbúabings, íbúafunda, vinnu verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra. Meginmarkmiðin eru þrjú ásamt undirflokkum sem eru sértæk starfsmarkmið.

Síðar í þessari lokaskýrslu verður gerð grein fyrir meginmarkmiðum og starfsmarkmiðum. Þau verkefni sem íbúar ákváðu að vinna að á verkefnistímanum eru metin eftir stöðu þeirra. Um er að ræða huglægt mat verkefnisstjóra með hliðsjón af ábendingum frá fulltrúum Byggðastofnunar í verkefnisstjórn.

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Þrjú verkefnisstjórar hafa haldið utan um verkefnið á tímabilinu, þær Helga Íris Ingólfssdóttir, Karen Nótt Halldórsdóttir og nú síðast, undanfarið eitt og hálf ár, Arna Björg Bjarnadóttir.

Í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja tveir fulltrúar frá sveitarfélagi, tveir frá Byggðastofnun, tveir frá íbúum og einn frá SSNE, áður Eyþing og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar. Með stjórn starfar verkefnisstjóri í 50% starfi. Hann hefur verið með starfsaðstöðu á skrifstofu SSNE, áður Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar á Akureyri, en sækir Grímsey reglulega heim, eða eins og fjárheimild gefur tilefni til. Frá haustinu 2021 fundaði verkefnisstjórn reglulega, oftast á mánaðarfresti.

### **Við lok verkefnisins sátu eftirfarandi aðilar í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey:**

- Halla Björk Reynisdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar. Halla er formaður verkefnisstjórnar.
- Gunnar Gíslason, fulltrúi SSNE (áður Eyþing)
- Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Anna Lind Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá SSNE.

## Áfangar verkefnis

### 1. Áfangi – Undirbúningur 2015-2016

Í ljósi fólksfækkunar og atvinnuþróunar í Grímsey á fyrri hluta annars áratugar þessarar aldar sótti Akureyrarbær um aðild fyrir Grímsey að verkefninu Brothættar byggðir. Undirbúningur að verkefninu hófst 2015. Í byrjun maí 2016 var haldið tveggja daga íbúáþing sem var afar vel sótt.<sup>2</sup> Verkefnið hlaut þar heitið *Glæðum Grímsey (GLG)*. Verkefnið hefur tvívegis verið framlengt, fyrst um eitt ár, til loka 2020 og síðan um tvö ár. Verkefninu lauk í árslok 2022 en lokafundur þess var haldinn í Grímsey 14. febrúar 2023.

Á íbúáþinginu í upphafi verkefnisins komu fram hugmyndir íbúa að áherslumálum og verkefnum. Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn mótuðu í kjölfarið verkefnisáætlun sem kynnt var og samþykkt á íbúafundi. Í henni kemur fram sameiginleg framtíðarsýn Grímseyinga, ásamt meginmarkmiðum, starfsmarkmiðum og aðgerðum. Verkefnisáætlun hefur verið fylgt eftir á framkvæmdatímanum.

### 2. Áfangi - Stefnumótun og áætlanagerð 2016-2022

Á fyrsta íbúafundinum eftir íbúáþing komu íbúar sér saman um eftirfarandi framtíðarsýn. Hún hefur verið leiðarljós verkefnisins allt frá upphafi.



## Framtíðarsýn

Grímsey er vel hirt og falleg eyja í einstöku umhverfi út við ysta haf. Samfélagið þar byggir á traustum grunni í sjávarútvegi og ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Grímsey er vel tengd við fastalandið með flug- og ferjuferðum sem henta íbúum og atvinnustarfsemi í eyinni, auk þess sem nútíma fjarskipti hafa gefið fólki ný tækifæri við val á búsetu. Grímsey er fallett og gott samfélag þar sem samheldni, kraftur og virðing fyrir náttúrunni eru aðalsmerkin.

Á fyrrnefndum íbúafundi komu íbúar sér einnig saman um meginmarkmið verkefnisins. Þau hafa það hlutverk að sameina sýn íbúa og annarra sem að verkefninu standa hvert skuli

<sup>2</sup> [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar\\_byggdir/samantekt-grimsey.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/samantekt-grimsey.pdf)



stefna. Tilgangur meginmarkmiðanna er þannig að leiða samfélagið í átt að framtíðarsýninni í krafti starfsmarkmiða og aðgerða sem af þeim leiða.



## Meginmarkmið

1. Traustur grunnatvinnuvegur
2. Samheldið og þróttmikið samfélag
3. Einstakur staður

Meginmarkmiðin eru þrjú og undir hverju þeirra er fjöldi starfsmarkmiða sem eru sértæk, mælanleg, tímasett, samþykkt og með skilgreindum ábyrgðaraðila, viðeigandi og raunhæf. Á árlegum íbúafundum á verkefnistímanum hafa starfsmarkmiðin verið endurskoðuð og þau ýmist staðið áfram óbreytt eða verið uppfærð, nokkur felld út og ný komið í staðinn eftir því sem við á.

### 3. Áfangi – Framkvæmd 2016-2022

Til að ná að ná meginmarkmiðum verkefnisins hafa ýmsar leiðir verið farnar, eftir því sem við hefur átt, s.s. með samtali og fundum með hagaðilum, sókn í sjóði, fjölmiðlaumfjöllun, atvinnuráðgjöf, hvatningu og fleiru. Að verkefnistíma loknum verður einstaka starfsmarkmiðum sem falla undir meginmarkmið verkefnisins áfram fylgt eftir, enda mörg komin til að vera. Hverfisráð Grímseyjar, Akureyrarbær og SSNE munu vinna að framgangi þeirra í nánu samstarfi við íbúa.

Markmiðið um **traustan grunnatvinnuveg** fól í sér að tryggja almenna og sértæka byggðakvótann í Grímsey, styrkja nýliðun og efla frumkvöðla og nýsköpunarstarfsemi. Innan þessa flokks er ekki ferðapjónustan en hún hefur vaxið talsvert á frá því þessi markmið voru sett árið 2016. Flest frumkvöðla- og nýsköpunarverkefni sprottið á verkefnistíma GLG hafa sprottið upp í kringum ferðapjónustuna.

Öflugur sjávarútvegur er engu að síður meginforsenda byggðar í Grímsey. Útgerðirnar hafa fengið úthlutað almennum og sértækum byggðakvóta, en fengið undantekningu frá vinnsluskyldu. Nýliðun hefur ekki orðið að veruleika þrátt fyrir að aðilar séu til staðar og hafi brennandi áhuga.

Markmiðið um **samheldið og þróttmikið samfélag** snéri einkum að innviðauppbýggingu. Þau starfsmarkmið snéru að miklu leyti að sveitarfélagi, ríki og opinberum stofnunum. Allmikið hefur áunnist en önnur starfsmarkmið féllu úr gildi s.s. varðandi grunnskólann en nú er svo

komið að öll börn sækja skóla í landi.

Markmiðið um **einstakan stað** snéri einkum að ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar. Á því sviði hafa ný verkefni sprottið upp og tækifærin til frekari þróunar og vaxtar eru mikil, líkt og áður hefur komið fram.

#### 4. Áfangi - Lok verkefnis 2022

Við lok verkefnisins verður áfram unnið eftir verkefnisáætlun og unnið að öðrum hagsmunum og framfaramálum í Grímsey. Einstökum starfsmarkmiðum verður skipt niður á milli hverfisráðs Grímseyjar, Akureyrarbæjar og SSNE.

Hverfisráð gegnir veigamiklu hlutverki í komandi framtíð, einkum er kemur að hagsmunagæslu. Mikilvægt er að ráðið starfi í nánu samstarfi við íbúa og nýti umboð sitt til að koma málefnum í viðeigandi farveg. Fulltrúi frá Akureyrarbæ verður Hverfisráði til aðstoðar og ráðgjafar.

Akureyrarbær mun auk þess að sinna lögbundum skyldum í Grímsey, reyna eftir bestu getu að vinna að hugsmunum samfélagsins og uppbyggingu þess.

SSNE mun taka við útafstandandi verkefnum sem lúta að frágangi á Frumkvæðissjóði, þ.e. að samþykkja lokaskýrslur og útbúa greiðslubeiðnir vegna verkefna sem hafa verið styrkt af Frumkvæðissjóðnum en einnig veita atvinnu- og styrkjaráðgjöf.

Byggðastofnun mun áfram eiga fulltrúa í verkefnisstjórn þar til Frumkvæðissjóðurinn hefur verið gerður upp. Fulltrúar SSNE og Akureyrarbæjar geta leitað til Byggðastofnunar um stuðning og eru áfram aðilar að samstarfsvettvangi verkefnisstjóra í Brothættum byggðum og öðrum byggðapróunarverkefnum á landsvísu.

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat

Hér að neðan er að finna meginmarkmiðin þrjú og þau starfsmarkmið sem falla undir hvern flokk. Við hvert starfsmarkmið koma fram skýringar á stöðu þess nú við verkefnislok.

Meginmarkmið 1: Traustur grunnatvinnuvegur						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
1.1: AÐ TRYGGJA AFLAMARK TIL NÆSTU ÁRA						Sértæki byggðakvótinn er tryggður út fisveiðiárið 2024.
1.2: AÐ STYRKJA NÝLIÐUN Í SJÁVARÚTVEGI						Á verkefnistímanum var sjónarmiðum nýliða komið á framfæri í stjórnarsýslunni s.s. við ráðuneyti og Byggðastofnun. Við Byggðastofnum var m.a. var lagt til að breyta úthlutunarreglum til að koma nýliðum að og girða fyrir að kerfið sé misnotað af útgerðum sem ekki eiga raunverulega heimilisfesti í viðkomandi byggðalagi skv. lögum um lögheimili, 2018 nr. 80, 25. júní. Hópur nýliða í Grímsey ræddi (2022) einnig nýliðunarvandann við starfandi útgerðir og leituðu eftir samstöðu. Auðlindin okkar skilaði í árslok 2022 bráðabirgðatillögum að breytingum á fiskveiðisstjórnunarkerfinu. Grímseyingar hafa verið hvattir til að fylgjast vel með og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við starfshópa Auðlindarinnar, líkt og þeir bjóða upp á.
1.3: EFLA FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARSTARFSEMI						Frá upphafi GLG til 2020 var nýsköpunar- og frumkvöðlastarf aðalega styrkt úr Frumkvæðissjóði GLG, sjá lista yfir styrkt verkefni. Á árunum 2021-22 hlutu fjölmörg verkefni stuðning úr öðum sjóðum. Í upphafi árs 2023 bættist við styrkur til að kanna kosti hitaveitu í Grímsey. Verði niðurstaða þess verkefnis jákvæð gefur það tilefni til margskonar

						frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna.
1.4: FERÐAMENN Í RÓÐRA						Lokið en árangurs. Þessi möguleiki var kannaður en vegna kostnaðar við tryggingar var þessi leið ekki farin.
<b>Meginmarkmið 2: Samheldið og þróttmikið samfélag</b>						
<b>Starfsmarkmið</b>	<b>0%</b>	<b>25%</b>	<b>50%</b>	<b>75%</b>	<b>100%</b>	<b>Skýringar</b>
2.1 AFSLÁTTUR Í FERJU OG FLUG						Kominn er afsláttur af flugfargjöldum fyrir íbúa í Grímsey. Haustið 2021 var óvissa með útboð á flugi Ak-Gri-Ak og flugleið. Sjónarmiðum var komið á framfæri á fundi með forsætisráðherra. Niðurstaðan varð að flug til Grímseyjar var tryggt áfram. Ekki reynist unnt að fá afslátt á flutningi í ferjuna Sæfara.
2.2 (UPPFÆRT 2020 OG 2021): FJÖLGA FERÐUM SÆFARA OG TRYGGJA FJÖLDA Í ÚTBOÐI						Ferðum ferjunnar fjölgaði eftir að nýr samningur vegna ferjusiglinga tók gildi 2018. Komið hefur verið á samtali við vegagerðina og ósk um að Grímseyingar eigi beina aðkomu að þeim samningi (mars 2022)
2.3: BÆTT GSM-SAMBAND OG AIS TILKYNNINGARKERFI						Símsamband batnaði með nýjum búnaði sem settur var upp 2016 og 2017. AIS kerfið (staðsetningarkerfið) er óbreytt og er enn í ólagi Skipin detta út. AIS kerfið er undir hatti vaktstöðvar siglinga hjá Neyðarlínunni. <a href="https://www.112.is/vaktstod-siglinga">https://www.112.is/vaktstod-siglinga</a> , tengiliður, magnus@112.is (Fylgja eftir)
2.4: KOMA Á SAMSTARFI UM ORKUSKIPTI						Samstarf hafið og orkuskipti hafin. Vistorka og Orkustofnun komu upp vindmyllum, sólarsellum, bættu einangrun í húsum. Þá var víða komið upp varmadælum og viðarperluofnum. 2022 var settur starfshópur sem í sat verkefnisstjóri GLG og

					heimamenn sem könnuðu fýslileika þess að bora eftir heitu vatni. Stuðningur til verkefnisins fékkst í upphafi árs 2023.
2.5: FRÁVEITUMÁL					Lokið. Norðurorka setti upp rotþrær 2021.
2.6 (ENDURBÆTT 2021): GATNA- OG VEGAGERÐ					Rotþrær hafa verið settar niður og Norðurorka fyllti upp í holur á götunni. Nýr listi yfir viðhaldsþörf í eyjunni var útbúinn á íbúafundi haustið 2022 og komið til Hverfisráðs sem forgangsraðar verkefnum sem á honum eru og kemur til Akureyrarbæjar.
2.7 (NÝTT 2019): ÍBÚÐARHÚSNÆÐI. Farið verði í greiningu á húsnæðiskosti Grímseyjar og það skoðað hvort raunhæft sé að bærinn kaupi laust húsnæði. Laust húsnæði væri hægt að nýta til að koma á fót vinnustofum eða aðsetri fyrir listamenn.					Settur var saman listi yfir allt húsnæði og eigendur. Orkustofnun hefur gert góða greiningu á ástandi allra húsa í eyjunni og geymir þau gögn. Kannað var með lagalegar forsendur fyrir eignarnámi á húsunum í Sigtúni og Grenivík, en eigendur hafa nánast aldrei komið til Grímseyjar og hafa aldrei sinnt viðhaldi. Ekki möguleiki. Húsin eru í niðurníðslu, járnplötur ofl í fohættu og lýti á eyjunni. Akureyrarbær hefur ekki áhuga á að kaupa frekara húsnæði.
2.8: VIÐTALTÍMAR BÆJARFULLTRÚA – Á EKKI LENGUR VIÐ					Verkefni í raun lokið. Sveitarfélagið telur viðtalstíma í raun aðgengilega fyrir alla í gegnum síma eða á samskiptaforritum s.s teams, þ.e. að allir hafi jafnan aðgang að bæjarfulltrúunum.
2.9: HREINSUNARÁTAK					Á verkefnistímanum var ásýnd bætt svo um munar. Iðnaðarsvæðið var hreinsað, umhverfi gámasvæðis við höfnina bætt og Grímseyingar duglegir að halda við húsum sínum.
2.10: GÁMASVÆÐI OG FLOKKUN					Búið er að bæta töluvert umhverfi gámasvæðis og

					endurvinnslan er sýnilegri fyrir gesti og gangandi.
2.11: HÁVAÐAMÆLING OG HLJÓÐVARNIR					Lokið. Þetta var bætt með endurnýjun rafstöðvar 2019. Áfram þarf þó að mæla hljóðvist reglulega.
2.12: ÚTTEKT Á MÚLA VEGNA VIÐHALDS					Listi yfir nauðsynlegt viðhald hefur verið komið til sveitarfélagsins. Brýn viðhaldspörf.
2.13: GRÍMSEYJARSKÓLI OG SAMSTARF – Á EKKI LENGUR VIÐ					Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.
2.14: GRÍMSEYJARSKÓLI – KENNSLUKFYRIRKOMULAG – Á EKKI LENGUR VIÐ					Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.
2.15: ENDURNÝJA ÚTISVÆÐI VIÐ SKÓLA					Ærslabelgur var settur upp 2017.
2. 16: FJÖLGA TÓMSTUNDUM FYRIR BÖRN					Á sumrin vantar ekki tómstundir fyrir börn, en ef skóli væri starfræktur í Grímsey þyrfti að huga að þessum þætti.
2. 17: FJÖLGA FRÆÐSLU- OG TÓMSTUNDANÁMSKEIÐUM FYRIR ÍBÚA					Fyrrum verkefnisstjóri setti sig í samband við ýmsa aðila sem telja að Grímsey ein og sér sé of lítil markaður til námskeiðshalds. Bent hefur verið á sífellt meira úrval af fjarnámskeiðum af ýmsum toga. Kvenfélagið og Kiwanisklúbburinn hafa keypt námskeið fyrir félagsmenn og aðra íbúa af og til. GLG stóð fyrir námskeiði á sviði nýsköpunar. Frumkvæðissjóðurinn styrkti námskeiðahald 2022 – opið öllum.
2.18: BETRI OG JAFNARI LÆKNISÞJÓNUSTA					Engin breyting er fyrirhuguð á heimsóknnum læknis til Grímseyjar. Læknir kemur til eyjarinnar á u.þ.b. þriggja vikna fresti.
2.19: HEILSUGÆSLA Í FJARÞJÓNUSTU					Þetta er að breytast með tíð og tíma og eftir því sem tækninni

					fleygir áfram. Nú þegar er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum vefinn, ss. Heilsuvera, þjónustu sálfræðinga og annað. Breytingar eiga eftir að verða hraðari á næstu árum og urðu margar í heimsfaraldri.
2.20 (NÝTT 2019 OG 2021): SKATTAAFSLÁTTUR					Þessum sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri við stjórnvöld. Á Íslandi ríkir eitt skattakerfi. Að mati verkefnisstjórnar er þetta nær ógerlegt að óbreyttu.
STARFSMARKMIÐ 2.21 (NÝTT 2019): SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SKÓLABÚÐIR					Hugmyndinni hefur verið komið á framfæri til bæjaryfirvalda. Verkefnið Menntabúðir við Heimskautsbaug fékk stuðning úr Frumkvæðissjóði 2022 og var framkvæmd það ár (ferð fyrir fullorðna). Haldið verður áfram að þróa verkefnið að sögn framkvæmdaraðila.
2.22 (NÝTT 2019): JARÐEFNAELDSNEYTISLAUS GRÍMSEY ÁRIÐ 2030					Orkuskipti í Grímsey eru hafin (vindmyllur, sólarcellur, perluofnar, varmadælar). Hitaveituverkefni fór af stað 2022 og fékk styrk í upphafi árs 2023.
2.23 (NÝTT 2019): LED-VÆÐING.					Búið er að skipta yfir í LED perur í öllum götuljósum sem gefur betri lýsingu. Tengist orkuskiptaverkefninu.
2.24 (NÝTT 2019): STÖRF ÁN STAÐSETNINGAR					Í Grímsey var um tíma eitt starf án staðsetningar (Þjóðskrá). Kvenfélagið Baugur útbjó fyrirtaks starfsaðstöðu í leikskólastofunni í Múla. Verkefnið hlaut stuðning úr Frumkvæðissjóði GLG. Fjölmarginir hafa nýtt sér aðstöðuna en hún opnaði vorið 2022.
2.25 (NÝTT 2021): TRYGGJA TÍÐARI FLUGSAMGÖNGUR					Í vinnslu
2.26 (NÝTT 2021): KÖNNUN Á VÍÐTÆKARI ATVINNUTÆKIFÆRUM					Í stað þess að bíða eftir störfum frá opinberum aðilum tók grasrótin vel við sér og skapaði störf, einkum á sviði

						ferðapjónustu, minjagripaframleiðslu og nýverið í kringum matvælaframleiðslu þ.e. Skarfakál ArcticCircle. Fjölmargar hugmyndir eru einnig á teikniborðinu. Á seinni stigum verkefnisins var lögð áhersla á að virkja frumkvöðlastarf.
Meginmarkmið 3: Einstakur staður						
Starfsmarkmið	0%	25%	50%	75%	100%	Skýringar
3.1: INNVIÐIR FERÐAÞJÓNUSTU – ÚTTEKT						Úttekt hafin í samráði við Akureyrarstofu. GLG var samstarfsaðili í verkefnum á sviði ábyrgðar eyjaferðapjónustu og könnunar meðal skipafaraþega. Þessi verkefni fengu styrki og voru unnin í samstarfi við Háskólans á Hólum og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Frumniðurstöður könnunar voru kynntar í Grímsey haustið 2022. Könnunin fól m.a. í sér hvaða innviði þarf að bæta. Styrkur fyrir salerni við Miðgarða fékkst úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða. Sótt var um stuðning, til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, til að lagfæra og auka öryggi á gönguleiðum til í árslok 2022. Beðið er eftir svari.
3.2 (ENDURTEKIÐ 2021): SÉRSTAÐA TIL MARKAÐSSETNINGAR						Vinna hafin við að skilgreina betur sérstöðu Grímseyjar, sbr. rannsókn sem sagt er frá undir starfsmarkmiði 3.1.
3.3: MERKI (LOGO)						Skiptar skoðanir um þetta. Kannski eru útlínur eyjarinnar bara logo í sjálfu sér enda mikið notaðar af öllum framleiðendum í Grímsey. Nýtt logo var hannað á fyrstu stigum verkefnisins sem sáralítið hefur verið notað.
3.4: AÐ SKILGREINA NOTKUN Á MERKI (LOGO) GRÍMSEYJAR						Hefur verið rætt en afastaða ekki tekin. Útlínur eyjarinnar virðast vera að ná fótfestu sem „merki eyjarinnar“.
3.5: ÞRÓA MINJAGRIPI						Á verkefnistímanum hafa fjölmargir og afar vandaðir



					minjagripir verið hannaðir og framleiddir. Þeir eru til sölu í Gallery Sól. Verkefnin hafa fengið styrk úr Frumkvæðissjóði og Uppbyggingarsjóði.
3.6: EFLA FERÐAÞJÓNUSTU, AMK EITT NÝTT FYRIRTÆKI					Nefna má bæði ArcticTrip og starfsemi Hugins ehf sem nýja ferðaþjónustuaðila í Grímsey. Bæði fyrirtæki hafa fengið styrk frá Frumkvæðissjóði GLG.
3.7 (ENDURTEKIÐ 2021): FUGLASKOÐUNARSTAÐUR					Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en verkefnið hlaut ekki styrk. Einstaklingur fékk styrk fyrir þessu verkefni úr Frumkvæðissjóði GLG. Verkefnið hófst aldrei og styrk var skilað 2021. Skiptar skoðanir eru meðal Grímseyinga um uppbyggingu fuglaskoðunarhúss. Sumir segja að Grímsey sé stærsta fuglaskoðunarhús í heimi.
3.8: AÐ SETJA UPP SÝNINGU UM FISKE					Sýningin var sett upp á flugvöllinum og opnaði formlega 11. nóvember 2021.
3.9: FORNAR MINJAR					Á árinu 2022 fóru af stað þrjú minjaverkefni í samstarfi við GLG. A) Fornleifaskráning b) Húsaskráning c) Fornleifauppgröftur og óvæntur fornleifafundur í kirkjugarði. Sótt var um opinbera styrki fyrir þessum verkefnum og hann fékkst. GLG sótti um stuðning til Húsafriðunarnefndar 2022 fyrir að hlaða upp Gvendarbrunn. Styrkur fékkst ekki. Æskilegt er að sækja um aftur enda er hér um nýjan og áhugaverðan áningarstaða að ræða.
3.10: DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS					Til skoðunar
3.11 (ENDURTEKIÐ 2021): MERKINGAR OG AÐSTAÐA Á FERJUBRYGGJU					Akureyrarstofa hefur látið útbúa skilti sem bíða uppsetningar

3.12 (NÝTT 2019): AUKIÐ FRAMBOÐ AFÞREYINGAR						Ferðapjónustufyrirtæki hafa fyrirætlan um aukið framboð. Það tafðist í Covid faraldrinum. Sumarið 2022 bættist t.d. við lest til að flytja ferðamenn.
3.13: MIÐASALA Í FERJU Á DALVÍK AÐGENGILEGRI						Lokið. Miðasalan fer fram á netinu. Auðvelt er að panta beint í farsímanum fyrir farþega.
3.14: SLÓÐI Á FÓT (NÝTT 2021)						Ekki er samstaða meðal Grímseyinga um hvort lagfæra eigi slóðann út á Fót eða hvernig. Sótt um stuðning til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða 2022. Úthlutun var ekki kunn í byrjun árs 2023.
3.15 HÆTTA AÐ FÆRA KÚLUNA (NÝTT 2021)						Til skoðunar
3.16 NÝ FERJA (NÝTT 2021)						Til skoðunar


## Yfirlit yfir styrkt verkefni

### Frumkvæðissjóður Glæðum Grímsey

Frumkvæðissjóður GLG hefur úthlutað styrkjum á árunum 2016-2022. Verkefnisstjórn ákvað haustið 2021 að heppilegast væri að fresta úthlutun úr sjóðnum til 2022 og tvöfalda þannig fjárhæð til úthlutunar, þ.e. fyrir úthlutunarárin 2021 og 2022, auk fjármagns sem kom til endurúthlutunar. Það var lokaúthlutun sjóðsins en hún fór fram í upphafi árs 2022.

Á samningstímanum hafa 47 verkefni verið styrkt, alls að upphæð upphæð 57.590.000. Frávik urðu á örfáum verkefnum, sem varð til þess að í einhverjum tilfellum lækkaði styrkupphæð og sömuleiðis var fallið frá einstaka verkefnum. Það fjármagn hefur því jafnóðum komið til endurúthlutunar. Nú er langflestum verkefnum lokið. Fyrirsjáanlegt er að fjármagn verður eftir í sjóðnum við verkefnislok vegna breytinga á verkefni við síðustu úthlutun. Íbúar í Grímsey hafa óskað eftir við verkefnisstjórn að þegar sjóðurinn verður gerður upp fari lokafjármagn hans til uppbyggingar kirkjunnar.

Langflestir umsækjendur eru fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir eða 32 talsins, en verkefnum þeirra er í flestum tilfellum stýrt af konum. Þegar litið er til umsókna frá einstaklingum þá komu 10 frá konum og 5 frá karlmönnum. Á næstu blaðsíðu er listi yfir verkefni sem hafa verið styrkt af Frumkvæðissjóði Glæðum Grímsey frá upphafi.



Kvenfélagið Baugur líkt og Kiwanesklúbburinn Grímur halda úti mjög öflugum starfi og hafa í gengum tíðina unnið að fjölgmörgum samfélagsverkefnum í Grímsey. Árið 2022 gerði Kvenfélagið gerði upp gömlu leikskólastofuna í Múla og útbjó þar afar þægilega starfsaðstöðu. Hún er hugsuð fyrir heimamenn, fræðimenn og þá sem kjósa að sinna tímabundnum verkefnum í Grímsey. Hún hefur þegar verið mikið notuð einkum af gestum.

Ljósmynd: Arna Björg Bjarnadóttir

	Verkefni	Styrkhafi	Styrkupp hæð	Staða
GLG-2016-01	Bætt fjarskipti í Grímsey	Akureyrarkaupstaður	4,000,000	Lokið
GLG-2017-01	Sveinsstaðir Guesthouse	Arctic Trip ehf.	1,900,000	Lokið
GLG-2017-02	Brú yfir í borgina	Rannveig Vilhjálmsdóttir	1,150,000	Verkefni féll niður og fjármagn sett til endurúthlutunar
GLG-2017-03	Frisbígolfvöllur í Grímsey	Kiwanisklúbburinn	1,800,000	Lokið
GLG-2017-04	Vefsíða fyrir Gistiheimilið Bása	Básavík ehf.	700,000	Lokið
GLG-2017-05	Vistvæn orkuvinnsla í Grímsey	JT Consulting	1,500,000	Lokið
GLG-2017-06	Veðrið	Grímseyjarskóli	350,000	Lokið
GLG-2017-07	Vefsíða fyrir gistiheimilið Gullsól	Gistiheimilið Gullsól	700,000	Lokið
GLG-2017-08	Minjagripir	Halla Ingólfssdóttir	450,000	Lokið
GLG-2017-10	Fuglaskoðunarhús	Sigurður Bjarnason	450,000	Lokið
GLG-2017-11	Verslun í Grímsey	Kríuveitingar ehf.	1,070,000	Lokið
GLG-2018-01	Lagfæring á ytra byrði Bása	Básavík ehf.	1,500,000	Lokið
GLG-2018-02	Sumarsólstöðuhátíð	Kvenfélagið Baugur	1,000,000	Lokið
GLG-2018-03	Eyjasamstarf	Grímseyjarskóli	340,000	Lokið
GLG-2018-04	Grímseyjarpeysan	Steinunn Stefánsdóttir	460,000	Lokið
GLG-2018-05	Stækkun á palli	Gistiheimilið Gullsól	2,300,000	Lokið
GLG-2018-06	Jetski tours in Grímsey	Sigurður Henningsson	750,000	Lokið
GLG-2018-07	Matur og menning í Grímsey	Guðrún Inga Hannesdóttir	650,000	Ólokið
GLG-2019-01	Minjagripur - Globus et Orbis		-	
GLG-2019-02	Köfun og snorkel í Grímsey	Arctic Trip ehf.	1,500,000	Lokið
GLG-2019-03	Stigi frá Fiskepalli niður á höfn	Kiwanisklúbburinn Grímur	2,600,000	Lokið
GLG-2019-04	Sólstöðuhátíð 2019	Kvenfélagið Baugur	600,000	Lokið
GLG-2019-05	Minjagripur - Krístrún	Krístrún Birna Hjálmarsdóttir	200,000	Lokið
GLG-2019-06	Glerskipti Bása gistiheimilis	Básavík ehf.	550,000	Lokið
GLG-2019-07	Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey	Muninn ehf	2,500,000	Lokið
GLG-2020-01	Hurðaskipti á gistiheimilinu Básam	Básavík ehf.	700,000	Lokið
GLG-2020-02	Markaðssetning í skugga Covid	Arctic Trip ehf.	500,000	Lokið
GLG-2020-03	Útgáfa bókarinnar: Grímsey - Undraeyja norð	Gyða Henningsdóttir	750,000	Lokið
GLG-2020-04	Vörulína fyrir Grímsey	Gyða Henningsdóttir	400,000	Lokið
GLG-2020-05	Miðstöð ferðamála í Grímsey	Arctic Trip ehf.	3,000,000	Lokið
GLG-2020-06	Umhirða óræktar í Grímsey	Bjarni Reykjálín Magnússon	1,100,000	Lokið
GLG-2020-07	Endurbætur á Gullsól	Gistiheimilið Gullsól	1,100,000	Lokið
GLG-2020-08	Hausthátíð	Kvenfélagið Baugur	320,000	Lokið
GLG-2020-09	Rafrænn snjallratleikur	Sævar Þór Halldórsson	900,000	Verkefni féll niður og fjármagn sett til endurúthlutunar
GLG-2020-10	Þjónusta við ferðamenn í Grímsey	Muninn ehf.	5,000,000	Lokið
GLG-2022-01	Photographing Grímsey	Einar Guðmann	800,000	Lokið
GLG-2022-02	Vörulína fyrir Grímsey	Gyða Henningsdóttir	700,000	Lokið
GLG-2022-03	Gólfefnaskipti	Básavík ehf	300,000	Lokið
GLG-2022-04	Menntabúðir við Heimskautsbaug	Hallgerður Gunnarsdóttir	1,000,000	Lokið
GLG-2022-05	Bætt þjónusta við ferðamenn í Grímsey	Muninn ehf	2,800,000	Lokið - lokakýrsla væntanleg
GLG-2022-06	Orkuskipti í Grímsey - Upplýsingar og fræðsla	Vistorka ehf	800,000	Lokið - lokakýrsla væntanleg
GLG-2022-07	Ábyrg eyjaferðaþjónusta í Grímsey	Laufey Haraldsdóttir/Hólask	1,800,000	Lokið
GLG-2022-08	Sumarsólstöður í Grímsey	Kvenfélagið Baugur	600,000	Lokið - lokakýrsla væntanleg
GLG-2022-09	Grímsey Design	Mayflor Perez Cajés	800,000	Lokið
GLG-2022-10	Starfs- og vinnuástaða	Kvenfélagið Baugur	1,600,000	Lokið - lokakýrsla væntanleg
GLG-2022-11	Gestalestin í Grímsey	Krían ehf	3,000,000	Lokið
GLG-2022-12	Hreinsunaráttak	Vélaverkstæði Sigurðar Bjarr	600,000	Lokið

## Verslun í strjálbýli

Sjóður Byggðastofnunar, *Verslun í strjálbýli*, úr aðgerðaáætlun stefnumótandi byggðaáætlunar 2018-2024, hefur tvisvar sinnum styrkt búðina í Grímsey, 2018 um 2.4 m.kr og 2022 um 2 m.kr. Auk þess styrkti Frumkvæðissjóður við búðina árið 2018 að upphæð 1.070.000 kr. Stuðningur til búðarinnar á verkefnistíma GLG er því um 5.5 m.kr., enda er um mikilvæga starfsemi að ræða fyrir eyjarskeggja.

## Aðrir sjóðir

Á árunum 2021 og 2022 var einnig nokkur sókn í aðra sjóði s.s. vegna kirkjubyggingar sem hlaut styrki úr sjóðum stofnana, fyrirtækja og einstaklinga að upphæð ríflega 120.000.000.

Styrkir vegna ýmissa verkefna á árunum 2021 og 2022 komu einnig úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands Eystra, Stefnumótandi byggðaáætlun, Húsafriðunarsjóði, Fornminjasjóði, Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri og Nýsköpunarsjóði námsmanna. Þá var einn frumkvöðull úr Grímsey valinn í Vaxtarrými, viðskiptahraðal Norðanáttar 2022.



**Gistiheimilið Gullasól** er eitt þriggja gistiheimila sem rekin eru í Grímsey. Þau anna aðeins litlum hluta þeirra ferðamanna sem geta heimsótt eyjuna dag hvern. Flestir gestir sem koma með ferjunni Sæfara koma einöngu í dagsferð en ferjan tekur á annað hundrað manns.

**Gallerí sól**, handverkhús grímseyskra kvenna er einnig rekið í húsinu. Mikil þróun hefur verið í gerð minjagripa á verkefnistímanum og fjölmörg þróunarverkefni á því sviði hlotið styrk úr Frumkvæðissjóðnum. Í Gallerí sól er einnig rekið minnsta kaffihús landsins.



Vorið 2022 hófst smíði nýrrar Miðgarðakirkju. Vinstra megin á myndinn er svokallað skrudhús. Í því er m.a salerni fyrir ferðamenn. Það mun koma til með að leysa úr brýnni salernisþörf fyrir gesti og gangandi. Kirkjan mun hafa fjölpættu hlutverki að gegna, en auk helgihalds mun hún verða notuð til sýninga-, tónleika- og annars viðburðahalds.

Ljósmynd: Anna María Sigvaldadóttir.



Framboð á vörum og þjónustu fyrir ferðamenna hefur aukist til muna á verkefnistímanum. Þá er í eyjunni starfandi ferðaskrifstofa sem eykur möguleika til enn frekari vörupróunar og markaðssetningar. Á lokaárum verkefnisins var mikil áhersla lögð á að hvetja til nýsköpunarstarfs meðal grasrótariðnaðarinnar og veita handleiðslu á því sviði. Frumkvæðissjóðurinn var mikilvægur þegar kom að stuðningi við slík verkefni en einnig jókst sókn í aðra sjóði þegar leið á verkefnið.



Glæðum Grímsey var þátttakandi í rannsóknarverkefninu (2022) *Ábyrg eyjafarþjónsuta*. Samstarfsaðilar og leiðandi í verkefninu voru Háskólinn á Hólum og Rannsóknamiðstöð ferðamála. Styrkir til þessa verkefnis fengust úr ýmsum sjóðum. Niðurstaða verkefnisins skapar góðan grunn til gerðar sértækrar áfangastaðaáætlunar fyrir Grímsey.

Ljósmyndir: Arna Björg Bjarnadóttir (t.h) og Laufey Haraldsdóttir (t.v)



## Ræktar skarfakál í Grímsey


Ingólfur Stefánsson | 10. febrúar 2023 07:09

Mayflor Perez Cajes er forsprakki verkefnisins Skarfakál Arctic Circle sem tók þátt í Vaxtarrými, viðskiptahraðli Norðanáttar, sem hófst 3. október 2022 og stóð yfir í átta vikur. Mayflor segir að Skarfakál muni efla atvinnulífið og fjölga atvinnutækifærum í Grímsey, nýta vannýtta auðlind, stuðla að nýsköpun og auka framleiðslu af nýju hráefni í matvælaíðnaði á Íslandi.



Tækifæri til að fullvinna og þróa vörur úr matarkistu Grímseyjar eru mikil og fremur auðvelt að skapa vörum úr eyjunni sérstöðu. Grímseyingurinn Mayflor Perez Cajes var valin í Vaxtarrými, viðskiptahraðal Norðanáttar árið 2022 þar sem hún þróaði viðskiptahugmynd og vörur úr skarfakáli sem vex í Grímsey.

Ljósmynd lengst til vinstri er viðtal sem birtist við Mayflor á kaffid.is. Hún nýtti sér aðstöðu BioPol á Skagaströnd til að þróa og vinna vörur úr skarfakáli.



Eitt af þeim verkefnum sem spruttu upp í Grímsey á verkefnistímanum var að kanna gögn um jarðboranir í Grímsey sem fram fóru á fyrsta áratug 21. aldar og leggja mat á fýsileika þess að bora eftir heitu vatni eða amk heitum sjó til sjóbaða. Skipaður var spretthópur haustið 2022 sem í sátu verkefnistjóri GLG og þrír fulltrúar íbúa. Hópurinn fundaði reglulega með Friðfinni K. Daníelssyni hjá Alvarr en hann sá um boranir í Grímsey á sínum tíma. Í upphafi árs 2023 hlaut verkefnið *Kostir í hitaveituvæðingu Grímseyjar* stuðning úr stefnumótandi byggðaaætlun.

Mynd: Alvarr



Eitt af starfsmarkmiðum sem íbúar ákváðu í upphafi var að rannsaka fornar minjar í Grímsey. Á árinu 2022 fékkst stuðningur til þess frá Minjastofnun. Fornleifastofnun Íslands leiddi verkefnið en það var unnið í nánu samstarfi við Glæðum Grímsey og Háskólann í Bergen. Einnig fékkst stuðningur til að gera húsakönnun og var Glæðum Grímsey einnig samstarfsaðili í því verkefni. Þess utan varð merkilegur fornleifafundur þegar tekinn var grunnur að nýju kirkjunni. Niðurstöður allra þessara rannsókna kunna að skapa efnivið til áhugaverðrar miðlunar á sögu Grímseyjar og Grímseyinga.

Ljósmynd: Fornleifastofnun Íslands

## Íbúafundir og fundir verkefnisstjórnar

Á verkefnistímanum voru árlega haldnir íbúafundir.

Á verkefnistímanum fundaði verkefnisstjóri reglulega með verkefnisstjórn. Fundir féllu þó að nokkru leyti niður í covid-faraldrinum. Frá haustinu 2021 hafa verkefnisstjóri og verkefnisstjórn nær oftast fundað mánaðarlega, fyrir utan sumarmánuðina og þá gjarnan í fjarfundi.

Auk almennra íbúafunda voru haldnir sex íbúafundir vegna uppbyggingar nýrrar Miðgarðakirkju. Sú kirkja sem reist var í Grímsey 1867 brann til grunna að kvöldi 21. september 2021. Íbúar ákváðu strax að ný kirkja skyldi rísa. Í lok árs 2021 samdi sóknarnefnd Miðgarðakirkju við verkefnisstjóra GLG um að taka að sér verkefnisstjórn við uppbyggingu hinnar nýju kirkju í hlutastarfi. Bygging kirkjunnar skarast við verkefnið GLG, en ákveðið var að kirkjan skyldi þjóna fjölþættu hlutverki þ.e. auk helgihalds yrði byggingin nýtt sem menningar-, sýningar- og tónlistarhús. Auk þess sem byggð yrðu við kirkjuna salerni með séraðgengi sem myndi leysa úr brýnni salernisþörf ferðamanna í eyjunni.

### Aðrir fundir, málþing og námskeið í Grímsey

Núverandi verkefnisstjóri er ekki með yfirlit yfir alla fundi í tíð fyrri verkefnisstjóra, en eftirfarandi fundir voru haldnir ýmist á vegum GLG eða í samstarfi við GLG, eftir að covid-faraldurinn var að mestu leiti um garð genginn.

### Orkuskipti í Grímsey

22. september 2021 hélt Vistorka í samstarfi við GLG íbúafund þar sem staða og næstu skref í orkuskiptum í Grímsey voru kynnt.

### Nýsköpun og atvinnumál

23. október 2021 stóð GLG fyrir kynningu á atvinnu- og nýsköpunarsjóðum. Önnur hagsmuna og framfaramál rædd.

### Ábyrg ferðaþjónusta - Námskeið og vinnustofur í félagsheimilinu Múla

27. mars 2022 stóð Háskólinn á Hólum í samstarfi við GLG, Rannsóknamiðstöð ferðamála og Hafnarsamlag Norðurlands fyrir námskeiði og vinnustofu um ábyrga ferðaþjónustu. Leiðbeinendur: Laufey Haraldsdóttir og Gústaf Gústafsson frá Háskólanum á Hólum. - 28. mars 2022: Rýnihópaviðtöl og vinnustofa. Leiðbeinendur: Laufey Haraldsdóttir frá Háskólanum á Hólum, Ása Marta Sveinsdóttir frá Rannsóknamiðstöðu ferðamála, Sigríður María Róbertsdóttir frá Hafnarsamlagi Norðurlands og María Helena Tryggvadóttir frá Akureyrarbæ.

### Málþing, Sitja Grímseyingar á gullkistu?

Þann 23. október 2022 stóð GLG fyrir málþingi í samstarfi við Háskólann á Hólum og Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd sem bara yfirskriftina, *Sitja Grímseyingar á Gullkistu?* Á málþinginu var fjallað um leiðir til verðmætasköpunar í matvælavinnslu og ferðaþjónustu. Daginn eftir var málþinginu fylgt eftir með íbúafundi þar sem tækifæri til atvinnusköpunar og samfélagsuppbyggingar voru m.a. rædd. Góð mæting var báða dagana.



Verkefnisstjóri hefur óskað eftir að starfsmenn Byggðastofnunar fundi í Grímsey um sértæka byggðakvótann. Því erindi hefur verið tekið vel og þeir áætla fund á fyrri hluta ársins 2023. Verkefnisstjóri og bæjarstjóri hafa einnig óskað eftir við Vegagerðina að hún fundi með íbúum í Grímsey áður en útboð ferjunnar fer fram, en nýtt útboð er fyrirhugað í mars 2023.

## Hugleiðingar verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri (2021-2022) lagði áherslu á að koma á persónulegu samtali við íbúa. Hann fór ófáar ferðir til Grímseyjar, sem hann telur hafa skipt miklu máli í upphafi ráðningartímans. Frumkvæði og kraftur er svo sannarlega til staðar hjá íbúum og þeir sækjast eftir atvinnuráðgjöf og handleiðslu. Samtakamáttur Grímseyinga kom í ljós við bruna Miðgarðakirkju. Grímeyingar komu saman í félagsheimilinu Múla kvöldið eftir að kirkjan brann og ákváðu þá strax að reisa nýja kirkju. Sú ákvörðun staðfestir að Grímseyingar hafa trú á framtíð eyjarinnar og vilja byggja hana upp. Það sama kom út úr viðtölum sem fulltrúar sveitarfélagsins tóku við alla lögráða íbúa eyjarinnar 2018.

Sjávarútvegur er nauðsynleg forsenda byggðar í eyjunni, og í því samhengi þarf hið opinbera að finna leiðir til að auðvelda nýliðun. Þegar horft til tillagna Auðlindarinnar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu er ljóst að Grímseyingar þurfa að leggja á ráðin með frekari samstarf, fullvinna aflann og vinna að vöruþróun. Til staðar eru tækifæri til að skapa meiri verðmæti úr sjávarfangi og fjölga þannig störfum. Nú fer fiskurinn beint á markað, en honum er landað í Grímsey og síðan fluttur strax með ferjunni í land. Þá hefur verið rætt um að koma á bruggverksmiðju (landi, viskí, bjór) og að auka verðmæti úr sauðfjár- og geitaafurðum, sem og að gera verðmæti úr fleiru úr matarkistu Grímseyjar. Á árinu 2022 fór af stað afar spennandi þróunarverkefni sem felur í sér að framleiða matvæli úr hinu meinholla skarvakáli. Ferðaþjónusta er önnur mikilvægasta atvinnugreinin í eyjunni og tækifæri til vaxtar eru mikil. Nauðsynlegt er þó að byggja upp innviði hennar s.s. með því að bæta samgöngur, þ.e. að fá nýja ferju og fjölga flugferðum. Þá eru forsendur fyrir fjölgun gistirýma fyrir ferðamenn og uppbyggingu á aukinni afþreyingu. Einnig vantar sárlega gístiaðstöðu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.

Verkefnisstjóri telur afar mikilvægt að Grímsey njóti áfram handleiðslu við uppbyggingu atvinnulífs og samfélags, sem og að koma hagsmunamálum á framfæri við viðeigandi aðila. Á næstu árum, sértaklega nú þegar verkefninu Glæðum Grímsey sleppir, er því áriðandi að sveitarfélagið vinni náið með íbúum að uppbyggingu innviða og tali fyrir hagsmunum eyjarinnar við ríkisvaldið. Að sama skapi er mikilvægt að Grímseyingar axli sambærilega ábyrgð m.a. með því að fjárfesta í uppbyggingu af ýmsu tagi í eyjunni, leggja lóð á vogaskálar við markaðssetningu og tali einum rómi þegar kemur að stórum hagsmunamálum sem varða framtíð eyjarinnar. Afar mikilvægt er að Grímseyingar sýni þannig í verki og orði að þeir sjálfir hafi trú á framtíðar eyjarinnar. Til mikils er að vinna enda er Grímsey einstök náttúruparadís og um að ræða einstakt eyjarsamfélag við heimskautsbaug.